

**From:** Bryndís Gunnlaugsdóttir <bryndis.gunnlaugsdottir@samband.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 2. júlí 2026 14:23  
**Subject:** Samtök orkusveitarfélaga: Kynningarbæklingur til kjörinna fulltrúa  
**Attachments:** Orkusveitarfélög.pdf; Skattlagning orkumannvirkja.pdf

**Sent sveitarstjórum aðildarsveitarfélaga Samtaka orkusveitarfélaga**

Kæri sveitarstjóri

Meðfylgjandi eru tvö skjöl frá stjórn Samtaka orkusveitarfélaga sem stjórn óskar eftir að verði kynnt kjörnum fulltrúum í aðildarsveitarfélögunum.


Annars vegar er um að ræða kynningarbækling um starfsemi, hlutverk og áherslur Samtaka orkusveitarfélaga og hins vegar stutta samantekt um stöðu máls varðandi skattlagningu orkumannvirkja, sem hefur verið eitt helsta hagsmunamál samtakanna um árábil og nú stefnir í að komi til meðferðar á Alþingi á komandi vetri.

Málefni orkuvinnslu, virkjana, vindorku, skatttekna og annarra áhrifa orkunýtingar hafa bein áhrif á sveitarfélög víða um land. Stjórn samtakanna telur því mikilvægt að kjörnir fulltrúar séu vel upplýstir um starfsemi samtakanna og þau hagsmunamál sem eru efst á baugi hverju sinni.

Þess er vinsamlegast óskað að meðfylgjandi skjöl verði send öllum sveitarstjórnarfulltrúum og jafnframt lögð fyrir þær nefndir eða ráð sveitarfélagsins sem fara með málaflokka er tengjast skipulags-, umhverfis-, atvinnu- eða orkumálum, eftir því sem við á.

Við þökkum fyrir samstarfið og hvetjum ykkur jafnframt til að fylgjast með starfi samtakanna á heimasíðu þeirra, [www.orkusveitarfelog.is](http://www.orkusveitarfelog.is)

Með bestu kveðju,  
Bryndís Gunnlaugsdóttir  
Starfsmaður Samtaka orkusveitarfélaga



Bryndís Gunnlaugsdóttir  
Lögfræðingur • Þjónustusvið  
Samband íslenskra sveitarfélaga • Icelandic Association of Local Authorities  
Sími / Tel.: (+354) 515 4900 // (+354) 898 5373 • [www.samband.is](http://www.samband.is) •  
[thjonusta@samband.is](mailto:thjonusta@samband.is) // [bryndis@samband.is](mailto:bryndis@samband.is)  
[Lagalegur fyrirvari](#) • [Legal Disclaimer](#)